

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Neskaupsstað (I)



Dags eftirlits	20.6.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Rónaldur H Zegers	Staðsetning	746686,545	525979,673

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi stöðvarinnar og athugasemd var gerð við tæmingu á sandfangi við olíuskilju.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Neskaupsstað (1), farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu. Bæta má skráningar á mælingum og eftirliti með olíuskilju.

Fimm geymar eru í stöðinni og hafa allir nema T0056 verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Geymir T0056 er 424 m³ uppréttur geymir frá 1956 og var hann síðast botnþykktarmældur árið 2001.

Aðrir geymar og lagnir eru í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (pró) og olíuskilja. Girðingar og hlið voru í lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók liggja fyrir.

Frávik frá

Ákvæði í starfsleyfi, grein 3.2 um eftirlitsmælingar

Lýsing á fráviki

Botnar og neðsta umfar geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti. Botnþykktarmæla skal geymi T0056

ATHUGASEMDIR

Mikill sandur var í sandfangi olíuskilju stöðvarinnar. Tæma þarf sandfangið eins fljótt og auðið er svo sandur fari ekki að hafa áhrif á virkni olíuskiljunnar.

ANNAÐ

Olíudreifing hefur útbúið mánaðarblöð til skrásetningar á skoðunum og mælingum í stöðinni, t.d. fyrir skráningu mælinga sem gerðar eru í sandfangi og olíuhólfi í olíuskilju. Mælt er til þess að umsjónarmenn stöðvarinnar skrái mælingar á mánaðarblöð og þau séu aðgengileg í eftirliti.

Reykjavík, 06.07.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.